

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. .../..

frá [...]

um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 2042/2003, um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði

(Texti sem viðkemur EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og Leiðtoga ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur á sviði flugmála og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu¹ (hér eftir kölluð „grunnreglugerðin“), og einkum 5. og 6. gr. reglugerðarinnar,

Með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003, um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði²,
Að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Það er nauðsynlegt að styðja upptöku nýrra skilyrða og stjórnunarferla í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1702/2003 frá 24. september 2003, um setningu framkvæmdareglna fyrir lofthæfis- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja³, um útgáfu flugleyfa, með því að gera viðeigandi breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2024/2003.
- (2) Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru byggðar á álit sem gefið var út af stofnuninni⁴ í samræmi við gr. 12(2)(b) og 14(1) í grunnreglugerðinni.
- (3) Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit⁵ nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem komið var á fót með gr. 54(3) í grunnreglugerðinni.
- (4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 ætti því að breyta samkvæmt því,

¹ Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1701/2003 frá 24. september 2003 (OJ L 243, 27.09.2003, bls. 5).

² OJ L 315, 28.11.2003, bls. 1. Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 376/2007 frá 30. mars 2007 (OJ L 94, 4.4.2007, bls. 18).

³ Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 706/2006 frá 08. maí 2006 (OJ L 122, 9.5.2006, bls. 16).

⁴ [Álit 04/2007]

⁵ [Óútgefið.]

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. grein

Viðauka I (Hluti-M) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2042/2003 er hér með breytt sem hér segir:

1) Lið (a) í málsgrein M.A.707 er skipt út fyrir eftirfarandi:

„(a) Til þess að fá samþykki fyrir því að framkvæma lofthæfiskoðun og vera talið hæft til þess að gefa út flugleyfi, þarf lofthæfifyrirtæki að vera skipað viðeigandi starfsfólki sem getur gefið út M.A. Kafli I lofthæfiskoðunarskírteini eða meðmæli og ef það getur gefið út flugleyfi í samræmi við Hluta 21A.711(d). Auk krafna sem tilgreindar eru í M.A.706 skal starfsfólkið einnig:

1. hafa að minnsta kosti fimm ára reynslu á sviði viðvarandi lofthæfi, og;
2. hafa viðeigandi Hluta-66 (Part-66) leyfi eða gráðu á sviði flugmála eða sem jafngildir því, og;
3. hafa þjálfun á sviði viðhalds loftfara, og;
4. gegna stöðu innan samþykks fyrirtækis með viðeigandi ábyrgð.“

2) Lið (b) í málsgrein M.A.711 er skipt út fyrir eftirfarandi:

(b) Samþykkt lofthæfifyrirtæki getur að auki fengið vottun til að:

1. gefa út lofthæfiskoðunarskírteini, eða;
2. veita skráningarríki, sem er aðildarríki, ráðgjöf í tengslum við lofthæfiskoðun
3. gefa út flugleyfi í samræmi við Hluta 21A.711(d) sem inniheldur samþykki fyrir flugskilyrðum í samræmi við Hluta 21A.710(b), með ferli sem samþykkt er af lögbæru yfirvaldi, þegar lofthæfifyrirtæki vottar að samræmi sé við hönnunarskilyrðin sem hafa verið samþykkt fyrir flugið og fyrir ákveðið loftfar sem fyrirtækið er vottað til að gefa út lofthæfiskoðunarskírteini fyrir.

3) Viðauki VI, EASA eyðublað 14, er breytt með því að bæta við nýjum dálki sem heitir „Útgáfa flugleyfa leyfð“ í töflunni á blaðsíðu 1 til hægri við dálkinn sem heitir „Lofthæfiskoðun leyfð“ eins og hér sést:

Tegund loftfars	Tilvísun í vottaða viðhaldsáætlun	Lofthæfiskoðun leyfð	Útgáfa flugleyfa leyfð	Fyrirtæki sem vinnur/vinna að gæðakerfi
	, endurskoðað	Já	Já	
	, endurskoðað	Já	Já	
	, endurskoðað	Já	Já	
	, endurskoðað	Já	Já	
	, endurskoðað	Já	Já	
	, endurskoðað	Já	Já	
	, endurskoðað	Já	Já	
	, endurskoðað	Já	Já	
	, endurskoðað	Já	Já	
	, endurskoðað	Já	Já	

2. grein
Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún hefur verið auglýst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar

Meðlimur Framkvæmdastjórnarinnar